



Laufríðingur

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

28. árg. 2019 1. tbl.

Alþjóðlegur dagur skóga 21. mars



Skógar og fræðsla



Yfirskrift alþjóðlegs dags skóga í ár er „Skógar og fræðsla“ (*Forests and Education*). Skógar leika veigamikil hlutverk í viðbrögðum við helstu umhverfisáskoruninni í dag - loftslagsbreytingum. Skógar hjálpa til við að halda lofti, jarðvegi og vatni hreinu og þar með fólki heilbrigðu. Fræðsla og kennsla um skóga og vistfræðilegt hlutverk þeirra er því mikilvægt skref í að vernda og viðhalda náttúrugæðum, sérstaklega þegar horft er til þess að rúmur helmingur jarðarbúa býr nú í þéttbýli (og er áætlað að eftir um þrjá áratugi verði þetta hlutfall komið í 70%) og hefur því ekki sömu tengingu við náttúruna eða tækifæri til kynnast henni af eigin raun og fyrri kynslóðir. Mikilvægi fræðslu um skóga og aðgengi að borgarskógum (trjá- eða skógarreitir innan eða við þéttbýli) á því bara eftir að aukast.

Skógræktin (Skógrækt ríkisins áður), Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélög þess hafa frá upphafi lagt sitt af mörkum í þessu samhengi. Stór hluti útivistarskóga við þéttbýli hérlandis (þeir skógar sem flestir hafa kost á að heimsækja) er ræktaður upp fyrir tilstilli skógræktarfélaganna. Þjóða þeir skógar upp á almenna upplifun af skóglendum auk þess sem á mörgum stöðum hefur verið komið upp aðstöðu til svokallaðrar útíkennslu innan þeirra. Grunnskólabörn hafa fengið nasasjón af skógrækt í gegnum gróðursetningar plantna úr Yrkjusjóði (sem Skógræktarfélag Íslands fer með daglega umsjón fyrir), en frá fyrstu úthlutun úr sjóðnum árið 1992 hafa hátt í 800 þúsund plöntur verið settar

niður innan þess verkefnis. Allir fyrrgreindir aðilar hafa útbúið ýmis konar fræðsluefni um skóga, skógrækt, trjategundir, landgræðslu og fleira, bæði fyrir börn og fullorðna – kennslubækur, fræðslubæklinga, námskeið, erindi, myndbönd o.s.frv.

En betur má ef duga skal. Loftslagsváin hefur virkjað ungt fólk til verka með skólaverkföllum fyrir umhverfið – komin er krafa um meiri fræðslu í skólakerfinu um loftslagsvandann og meiri aðgerðir hins opinbera til að bregðast við honum. Þar stendur upp á núverandi kynslóðir. Það er nefnilega ekki nóg að fræða komandi kynslóðir og ætla þeim að takast á við vandann. Enn þann dag í dag eru ýmsir sem afneita eða neita að horfast í augu við þann veruleika sem loftslagsbreytingar eru. Það er líka til margt fólk sem viðurkennir vandann og vill bregðast við en fallast hendur með hvernig á að snúa sér í því. Þegar ég var krakki voru stóru umhverfismálin í umræðunni gatið á óson-laginu og eyðing regnskóganna. Þau skilaboð sem ég, sem barn, tók ómeðvitað úr umræðunni þá voru að heimurinn væri á leiðinni hálfa, ef ekki alla, leið til helvítis. Svo sá ég eina þáttaröð þar sem skilaboðin voru: þetta er vandamálið og þetta er það sem við getum gert til að bregðast við. Þrjátíu árum síðar man ég ekkert hvað þáttaröðin hét, en man enn hvað það var mikill léttir að fá umfjöllun með smá jákvæðni - þar sem bent var á lausnir.

Það eru einmitt skilaboðin sem vantar svo oft – þetta getum við gert. Eitt af því sem við getum gert er að rækta meiri skóg. Er ekki ágætt að byrja fræðsluna á því?

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 28. árgangur, 1. tölublað 2019.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2018:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Jens B. Baldursson
Páll Ingbór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Margrét Grétarsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Skógræktarfélag Borgarfjarðar 80 ára

Skógræktarfélag Borgarfjarðar fagnaði 80 ára afmæli sínu á síðasta ári, en félagið var stofnað þann 5. nóvember 1938 og voru stofnfélagar tæplega 60 talsins.

Í tilefni áttæðisafmælisins var blásið til hátíðar 2. desember síðast liðinn í héraðsskólahúsinu í Reykholti. Stýrði Gísli Karel Halldórsson hátíðinni sem hófst á því að Óskar Guðmundsson, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, rakti sögu félagsins í stuttu máli og fór yfir helstu verkefni félagsins þessa dagana. Að því loknu voru hjónin Guðbrandur Brynjúlfsson og Snjólaug Guðmundsdóttir gerð að heiðursfélögum og afhenti formaður félagsins þeim heiðursskjal af því tilefni. Flutti Guðbrandur stutt



Hjónin Guðbrandur Brynjúlfsson og Snjólaug Guðmundsdóttir voru gerð að heiðursfélögum Skógræktarfélags Borgarfjarðar á afmælishátíðinni og afhenti Óskar Guðmundsson, formaður félagsins, þeim heiðursskjal af því tilefni (Mynd: RF).

ávarp og þakkaði fyrir sig og frúna. Afmælishátíðinni lauk svo með veitingum og spjalli afmælisgesta.

Nýr samningur um Landgræðsluskóga undirritaður

Nýr samningur um Landgræðsluskóga var undirritaður mánudaginn 11. febrúar og felur hann í sér áframhaldandi stuðning ríkisins við verkefnið, sem hefur það að markmiði, eins og segir í samningum „að græða lítt og ógróið land með fjölbreyttum skógum og stuðla þannig að ræktun skóga til útivistar fyrir almenning, endurheimt vistkerfa og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni og framkvæmd stefnu íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, sem og að vinna að framkvæmd laga um skógrækt og laga um landgræðslu“.

Skrifuðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands undir samninginn, ásamt Árna Bragason landgræðslustjóra og Aðalsteini Sigurgeirssyni, staðgengli skógræktarstjóra, en Landgræðslu ríkisins og Skógræktinni er falið faglegt eftirlit með framkvæmd verkefnisins samkvæmt samningnum.

Landgræðsluskógaverkefnið hófst árið 1990 og var hleypt af stokkunum í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands, í samvinnu skógræktarfélaganna í landinu, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og þáverandi landbúnaðarráðuneytis. Skógræktarfélag Íslands sér um stjórn verkefnisins,



Við undirritun samningsins. F. v. Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Aðalsteinn Sigurgeirsson, staðgengill skógræktarstjóra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Árni Bragason landgræðslustjóri (Mynd: BJ)..

en skógræktarfélög um land allt sjá um framkvæmd þess á hverjum stað, svo sem gróðursetningu og umhirðu. Þinglýstir samningar eru gerðir um öll svæði sem gróðursett er í.

Nýi samningurinn gildir til næstu fimm ára og felur í sér 45-55 milljón króna árlegt framlag til verkefnisins, alls 260 milljónir yfir tímabilið.

Gamla réttin

Þegar skógræktarfélagið í Ólafsvík var stofnað 1970 fékk það úthlutað svæði í kringum gamla fjárrétt, sem staðsett er í svokölluðum Krókabrekkum sem er rétt innan við plássíð. Réttin hafði ekki verið notuð í nokkur ár og strax var farið að tala um það innan skógræktarfélagsins að viðhalda þyrfti réttinni sem notuð hafði verið frá upphafi byggðar í Ólafsvík, sjálfsagt bæst við dилkar eins og gengur. Um 1950 lét Rotaryklúbbur Ólafsvíkur Ingólf Gíslason teikna upp réttina og skrásetja eigendur dилkanna sem voru og eru 21 að tölu, auk almennings.

Svo er það ekki fyrr en á þessari öld sem Guðrún Tryggvadóttir fer af stað með að láta verða alvöru úr því að gera þessa rétt upp sem var hruninn og að hverfa í gróðurþekju. Fékk hún öll leyfi sem til þurfti og góður styrkur frá Guðrúnu Bergmann var svo steinninn sem velti þessu af stað. Síðan hafa einstaklingar og hin ýmsu fyrirtæki styrkt uppbygginguna vel. Aldrei hefur verið unnið fyrir meira en næst að safna fyrir á hverju ári, en árin eru orðin fjögur.

Fengnir voru fagmenn í verkið og erum ég undirrituð og Sölvi Konráðsson sjálfboðaliðar sem



Réttin vorið 2015, áður en framkvæmdir hófust (Mynd: LR).

vinnum með þeim ásamt grófumanninum Svani sem er ómissandi í þessu. Guðrún sjálf sér svo um að við höfum næga orku í verkið.

Í dag er verkið hálfnað svo sjá má að svona uppbygging tekur 8-10 ár.

Lydia Rafnsdóttir



Að ofan t.v. Hópurinn sem unnið hefur að því að gera upp réttina. F.v. Lydia Rafnsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Ari Óskar Jóhannesson, Grétar Jónsson og Sölvi Konráðsson að störfum.

Að ofan t.h. Uppgerðir og óuppgerðir hlutar réttarinnar. Eins og sjá má er mikill munur þar á. Í baksýn má sjá upp til Tvífossa og Þumals í klettabeltinu.

T.v. Sölvi Konráðsson og Ari Óskar Jóhannesson ræða um undirstöðurnar (Myndir: LR).



Fulltrúafundur 2019

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna 2019 var haldinn í Reykjavík laugardaginn 16. mars og mættu rúmlega fimmtíu fulltrúar, víðs vegar af landinu, til leiks.

Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn, en því næst tóku við erindi. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, sagði frá nýjum samningi um Landgræðsluskóga, Einar Gunnarsson, Skógræktarfélagi Íslands, fjallaði um hin ýmsu töl og tæki í skógræktarstarfinu, Bjarki Þór Kjartansson, Skógræktinni, fjallaði um kortlagningu, m.a. með GSM-síma, Jón Ásgeir Jónsson, Skógræktarfélagi Íslands, sagði frá Skógargáttinni (www.skogargatt.is) og Else Möller, Skógræktarfélaginu Landbót á Vopnafirði, sagði frá félaginu og þátttöku í Landgræðsluskógaverkefni.

Að þessum erindum loknum tók við hádegisverður með heimalagaðri súpu. Eftir hádegisverð fjallaði Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt hjá Landslagi, um Græna stíginn. Að loknu erindi Þráins voru svo almennar umræður, þar sem skógræktarfélögin gátu rætt hvaðeina sem þeim lá á hjarta og var m.a. rætt um kolefnisbindingu, útvegum lands til gróðursetninga, Landgræðslusjóð og beitarmál. Fundinum lauk svo með hressingu fyrir fundarmenn.



Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setur fulltrúafundinn (Mynd: RF).



Bjarki Þór Kjartansson, Skógræktinni, segir frá skráningu gróðursetningaupplýsinga (Mynd: RF).



Þátttakendur á fulltrúafundi (Mynd: Valdimar Ingi Gunnarsson).

Skógarkonur - nýtt félag

Föstudaginn 1. febrúar var haldinn formlegur stofnfundur nýs félags kvenna í skógrækt, sem hlotið hefur nafnið Skógarkonur. Félagið á sér fyrirmynd á Norðurlöndunum, í samtökum kvenna í skógrækt í Noregi (*Kvinner i Skogbruuket*) og Svíþjóð (*Spillkrákan*).

Fulltrúar frá norsku og sænsku félögunum komu hingað til lands í nóvember síðast liðnum, til að ræða við íslenskar skógarkonur og halda vinnufund til undirbúnings ráðstefnu um jafnrétti í skógrækt, sem félögin standa að og fyrirhugað er að halda í Jönköping í lok júní 2019. Á vinnufundinum var einnig rætt um stofnun félagsskapar kvenna í skógrækt á Íslandi, en norrænu konurnar höfðu mikinn áhuga á samstarfi við stallsystur sínar hérlandis (lesa má um fundinn í 3. tbl. Laufblaðsins 2018).

Í tengslum við heimsókn þeirra var boðað til opins fundar 11. nóvember, þar sem norrænu samtökin kynntu starfsemi sína og rætt var um stofnun íslensks félags. Niðurstaða þess fundar var að eindreginn vilji var meðal kvenna í skógargeiranum hérlandis að stofna slíkt félag og var undirbúningsnefnd falið að sjá um það. Formlegur stofnfundur var svo haldinn, eins og áður kom fram, þann 1. febrúar síðast liðinn, þar sem samþykkt voru lög félagsins og kosin stjórn. Markmið félagsins, skv. lögum þess er:

Markmið félagsins er þátttaka kvenna á öllum aldri innan allra sviða skógræktar, með áherslu á samheldni og samvinnu. Þessu verði náð með því að:

- Auka þátttöku kvenna í skógrækt, sem skógareigenda, starfsmanna, rannsakanda eða áhugamanneskju um skógrækt.
- Marka konum sess innan skógræktar.
- Vinna með almenningi, hinu opinbera og



Farið yfir málin á stofnfundi félagsins, sem haldinn var á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands þann 1. febrúar (Mynd: RF)..

stofnunum, bæði innan skógræktar og utan hennar, að því að mál er lúta að konum og skógrækt séu sett á dagskrá.

- Vera tengslanet kvenna innan skógræktar.

Félagið er opið öllum sem tengjast skógi á einhvern hátt eða sem áhuga hafa á skógrækt, en er sérstaklega miðað að konum. Félagið er nú þegar með almenna síðu á Facebook, sem einnig er opin fyrir utanfélagsfólk (Konur í skógi - skógarkonur; <https://www.facebook.com/groups/1417959108306634/>).

Í fyrstu stjórn félagsins sitja Ragnhildur Freysteinsdóttir, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, Sigríður E. Elefsen skógræðingur og Agnes Geirdal skógarbóndi, sem er formaður félagsins. Hægt er að ganga í félagið með því að hafa samband við Ragnhildi með upplýsingum um nafn, kennitölu og netfang. Senda má tölvupóst (rf@skog.is) eða SMS (897-1010).

Hægt er að kynna sér norrænu samtökin á heimasíðum þeirra - <http://kvinneriskogbruuket.no/> og <https://spillkrakan.se/>.




Þrettán konur sátu stofnfundinn sjálfan, en álika margar konur, sem áttu þess ekki kost að mæta á fundinn sjálfan, voru búnar að óska eftir aðild. Aftasta röð, frá vinstri: Agnes Geirdal, Erna Stefánsdóttir, Hrefna Einarsdóttir, Sigríður E. Elefsen og Agnes Hansen. Miðju röð, frá vinstri: Kristín Davíðsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Hulda Guðmundsdóttir og Ragnhildur Freysteinsdóttir. Fremsta röð, frá vinstri: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Guðrún Ó. Brynleifsdóttir og Laufey B. Hannesdóttir. Nú þegar eru rúmlega 50 konur skráðar í félagið (Mynd: SJB).

Skógræktarfélag Reykjavíkur kaupir Fellsmörk

Skógræktarfélag Reykjavíkur festi á síðasta ári kaup á Fellsmörk í Mýrdal, en félagið hefur til fjölda ára verið með land þar á leigu, meðal annars undir svokallaðar landnemaspildur. Hefur félagið látið í ljós áhuga á að kaupa hana af ríkinu um margra ára skeið en ekki haft erindi sem erfiði fyrr en í fyrra. Keypt land er samkvæmt samningi 982 hektarar. Liggur nú fyrir að ráðast í hugmynda- og skipulagsvinnu um hvernig félagið nýti landið til framtíðar, en svæðið býður upp á margvíslega möguleika.

Eignarhlutur Skógræktarfélags Reykjavíkur á Fellsmörk í Mýrdal. Uppdráttur unninn af Halli Björgvinssyni og Jóni Þór Birgissyni.



Hugleiðing – almenningsalerni

Hvernig er hægt að auka gæðastundir í skóginum? Til dæmis með betri og bættri þjónustu. Þar sem eru yfirbyggð grill, bekkir og borð er upplagt að bæta við salernisaðstöðu. Það er ekki svo kostnaðarsamt og ætti að vera flestum viðráðanlegt. Svo er spurning um eftirlit og þrif. Þetta hefur ekki verið vandamál í Guðmundarlundi, svæði Skógræktarfélags Kópavogs. Skógræktarfélagið hefur einn starfsmann sem fylgist með að allt sé í lagi og snyrtilegt. Ef fólk kemur að þannig aðstöðu gengur það yfirleitt vel um. Eftir að þessi aðstaða opnaði - upphituð, ljós, vaskur og vatnssalerni - hefur umferðin aukist verulega í Guðmundarlundi.

Skógurinn er ekki síður fallegur á veturna en sumrin. Frisbigolfið hefur verið notað flest alla daga í vetur og mót verið haldin í myrkri að kvöldi til. Þá eru sett ljós á körfurnar og á diskana. Fjölgum gæðastundum í skóginum!

*Bernhard Jóhannesson,
framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs*

T. h. efri mynd. Salernisaðstaðan í Guðmundarlundi, með fallettri viðarumgjörð (Mynd: BJ).

T.h. Vetrarfeegurð í Guðmundarlundi (Mynd: BJ).



Aðalfundur Skógræktarfélags Garðabæjar - nýr formaður kosinn

Aðalfundur Skógræktarfélags Garðabæjar var haldinn mánudagin 18. mars. Þessi aðalfundur var nokkuð sögulegur, en á fundinum hætti Erla Bil Bjarnardóttir sem formaður félagsins, en hún hefur sinnt því starfi af miklum skörungsskap frá stofnun þess árið 1988. Færði Barbara Stanzeit, gjaldkeri félagsins, Erlu Bil blómvönd af þessu tilefni, en þær hafa starfað saman í stjórn um áraraðir.

Á fundinum var því kosinn nýr formaður og var það Kristrún Sigurðardóttir, sem var kjörin formaður. Nýr stjórnarmaður inn í aðalstjórn kom Einar Örn Jónsson og nýr inn í varastjórn Jón Ásgeir Jónsson.

Auk kosninga á stjórn og annarra hefðbundinna aðalfundarstarfa var Arndísi S. Árnadóttir færður blómvöndur sem þakklætisvottur fyrir starf hennar fyrir félagið, en hún hefur haldið utan um póstlista félagsins og almenn samskipti við félagsmenn. Einar Örn Jónsson kynnti einnig vinnu við nýja heimasíðu félagsins, en síðan var sett upp 2010 og því kominn tími á uppfærslu.

Fundinum lauk svo með erindi um fuglalíf í Garðabæ og voru það Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson sem sögðu í máli og myndum frá því.



Barbara Stanzeit, gjaldkeri Skógræktarfélags Garðabæjar, afhendir Erlu Bil Bjarnardóttur blómvönd sem þakklætisvott fyrir áratuga starf fyrir félagið (Mynd: RF).



Að ofan. Stjórn og varastjórn Skógræktarfélags Garðabæjar. F.v. Ásta Leifsdóttir, Sigurður Sigurkarlsson, Björn Már Ólafsson, Sigurður Þórðarson, Smári Guðmundsson, Einar Örn Jónsson, Kristrún Sigurðardóttir, Heimir Sigurðsson, Barbara Stanzeit, Jón Ásgeir Jónsson og Hildigunnur Halldórsdóttir (Mynd: RF).

T. h. Erla Bil Bjarnardóttir færir Arndísi S. Árnadóttur blómvönd sem þakklætisvott fyrir störf í þágu félagsins (Mynd: RF).



Rausnarlegur styrkur úr Minningarsjóði Páls Gunnarssonar

Skógræktarfélag Reykjavíkur hlaut nýverið 500.000 kr. styrk úr Minningarsjóði Páls Gunnarssonar líffræðings en félagið hefur áður notið góðs af styrk úr sjóðnum. Systkini Páls afhentu formanni og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur styrkinn í ársbyrjun og kann félagið þeim bestu þakkir fyrir þetta rausnarlega framlag sem á eftir að nýtast vel í starfi félagsins við að efla og bæta skógræktarsvæði höfuðborgarbúa. Þess má geta að gróðursettur hefur verið trjálundur í nafni Páls í Heiðmörk og liggur hann vestan við Vatnsveituvæg.

Minningarstjóðurinn var stofnaður árið 2004. Páll var mikill áhugamaður um skógrækt og geðverndarmál og eru styrkir úr sjóðnum því veittir til þessara tveggja málaflokka.



Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, Jóhannes Benediktsson, formaður félagsins og systkinin Áslaug og Gunnar Snorri Gunnarsbörn (Mynd: Sk.Rvk.).

Ný stjórn Landgræðslusjóðs

Stjórnarskipti urðu eftir áramótin hjá Landgræðslusjóði, þegar Guðbrandur Brynjúlfsson lét af störfum sem formaður eftir áratugarsetu. Stjórnin er nú skipuð þannig að Þuríður Yngvadóttir, Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar, er formaður, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri er varaformaður, Árni Bragason landgræðslustjóri er ritari og Lydia Rafnsdóttir, Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, eru meðstjórnendur.

Stjórnin vill þakka Guðbrandi Brynjúlfssyni fyrir gæfuríkt starf í þágu sjóðsins síðast liðinn áratug.

Ávöxtun sjóðsins hjá Arionbanka varð því miður neikvæð á síðasta ári og mun stjórnin gera það sem hún getur til þess að svo verði ekki áfram. Ekki verður því úthlutað úr sjóðnum árið 2019.



*Með ósk um gott skógræktarsumar,
Þuríður Yngvadóttir, formaður Landgræðslusjóðs*



Skógarkonur - af hverju?

Annars staðar hér í blaðinu er sagt frá stofnun félags kvenna í skógrækt á Íslandi, en eins og fram kemur í greininni á slíkt félag sér fyrirmyndir á hinum Norðurlöndunum. Þegar auglýstur var fundur til að kynna starfsemi norrænu félaganna og að ræða mögulega stofnun slíks félags hérlandis komu fljótlega fram spurningar um hvort það gengi ekki gegn markmiði um kynjajafnrétti að hafa sérstakt félag fyrir konur í skógrækt og hvort þörf væri á slíku félagi yfirhöfuð.



Nú eru fjölmörg dæmi hérlandis um félög sem eru kynjaskipt eða kynbundin (t.d. Lions, Kiwanis, Oddfellow, kvenfélög, karla- og kvennakórar o.fl.). Félag skógarkvenna er því ekkert einsdæmi hvað það varðar. Ýmsar ástæður liggja að baki þessari skiptingu. Sumum konum finnst meira öryggi eða þægindi í að vera í hópi kvenna - það eru óþægilega margar frásagnir kvenna til af því að í blönduðum hópum sé ekki hlustað á það sem þær hafa fram að færa (en tekið vel í nákvæmlega sömu framlög frá karli) eða hreinlega talað yfir þær. Hefðbundin kynjahlutverk hafa líka haft mótandi áhrif á þær forsendur sem karlar og konur hafa til að koma að ýmsum málefnum. Sem dæmi þá hafa norrænu félögin verið með keðjusagarnámskeið fyrir konur. Þegar það kom upp á kynningarfundinum varð einni íslensku konunni á orði að það væri flott, því þá væri hægt að spyrja „asnalegu“ spurninganna. Kona sem var sem stelpa alltaf sett í uppvaskið með mömmu er kannski ekki að byrja á sama punkti þegar kemur að tólum og tækjum og karl sem ólst upp við það sem strákur að hjálpa pabba sínum að dútla við bíl og önnur tæki. Tek það fram að þetta á ekki við um mig persónulega – á mínu heimili var það mamma sem sá um bílinn og pabbi um uppvaskið.



Hvað varðar þörf á slíku félagi þá er það svo að skógrækt, bæði hérlandis og erlendis, hefur sögulega séð verið mjög karllæg grein. Fyrsti íslenski skógfræðingurinn útskrifaðist árið 1932 og var það Hákon Bjarnason. Ýmsir mætir menn fylgdu svo í kjölfarið, en það var ekki fyrr en rúmlega hálfri öld síðar, árið 1986, sem fyrsta konan, Þórunn Ingólfssdóttir, lauk háskólanámi í skógfræði. Auðvitað komu konur að skógrækt hér frá upphafi, en þær voru á fyrri árum oft í minnihluta eða nokkurs konar „huldukonur“ – tóku t.d. þátt í starfi skógræktarfélaga, en eiginmaðurinn/faðirinn/afinn var sá sem skráður var opinberlega í félagið.



Vissulega hefur ræst úr þessum kynjahalla á undanförunum árum og konur farnar að skipa æ stærri sess innan skógræktarinnar, en kynjahallinn er þó enn fyrir hendi. Tæplega 57% meðlima skógræktarfélaga eru karlkyns, svo hvað félagsaðild varðar eru kynin nokkuð jöfn, þótt halli lítilliga á kvenþjóðina. Þegar litið er hinsvegar til formanna skógræktarfélaganna er útkoman önnur – 2/3 hlutar formanna eru karlkyns. Sama gildir um meðlimi Landsamtaka skógareigenda – tæpur



þriðjungur eru konur. Og ef farið er yfir starfsmannalistann hjá Skógræktinni, fagstofnuninni í skógrækt, kemur svipað hlutfall upp – um 29%

starfsmanna eru konur. Þegar litið er til þeirra sem skrifað hafa í Skógræktarritið – eina reglulega tímaritið sem gefið er út á Íslandi um skógrækt – er hallinn verulegur. Fyrsta grein eftir konu kom ekki fyrr en 1966 – rúmum þremur áratugum eftir að útgáfa ritsins hófst. Frá upphafi útgáfu árið 1932 hafa konur einungis verið höfundar að rúmlega 9% greina í ritinu og bara 7% greina eru eftir konur eingöngu. Af þeim 102 tölublaðum af Skógræktarritinu sem komið hafa út hefur hlutfall kvenkyns höfunda einungis náð helmingi í einu tölublaði! Hlutfallið hefur vissulega verið á uppleið eftir núllstöðu fyrri áratuga, en nær þó ekki nema í kringum 20% undanfarinn áratug. Og eiga tvær konur mestan heiður af þeirri aukningu.

Hér gildir því að þótt mikið hafi breyst til batnaðar þá má betur ef duga skal. Ef samtök kvenna í skógrækt geta virkað sem hvati og stuðningur fyrir konur til að koma sinni sýn á skógrækt betur á framfæri, til að vera sýnilegri í umræðunni, aflmeiri í ákvarðanatöku og duglegri að skrifa um skógrækt, þá er það jákvætt. Og svo má benda á að samkvæmt samþykktum lögum félagsins Skógar-konur, þá er félagið opið körlum þótt það miði fyrst og fremst að konum.

*Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritari Skógarkvenna*



Líf í lund - vilt þú vera með?

Líf í lund er útivistar- og fjölskyldudagur í skógum landsins sem haldinn verður 22. júní næstkomandi þar sem almenningur er hvattur til þess að stunda hreyfingu, samveru og upplifa skóga og náttúru landsins. Því markmiði er náð með því að virkja samtakamátt skógarálfa og bjóða upp á fjölbreytta viðburði í skógum vítt og breitt um landið á sama degi. Dagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í fyrra og voru nítján viðburðir í boði, stórir sem smáir.

Hver viðburður er haldinn sjálfstætt af hverjum og einum viðburðaraðila en hlutverk *Lífs í lund* er að hvetja til samstarfs innan hreyfingarinnar, auka úrval fjölskylduvænna viðburða í hlýju umhverfi skóganna og kynna svo fyrir almenningi þá valkosti sem í boði eru.



Frá Líf í lund viðburði 2018 (Mynd: RF).

Samstarfsnefnd *Lífs í lund*, sem sér um skipulagningu dagsins, samanstendur af reynslumiklu fólki úr skógræktarfélögum, Skógræktinni og Landssamtökum skógareigenda.

Ef þið hafið áhuga á að taka þátt og bjóða upp á viðburð hafið samband við Jón Ásgeir (jon@skog.is) eða Ragnhildi (rf@skog.is). Engin takmörkun eða skilyrði eru sett fyrir viðburð önnur en þau að viðburðurinn þarf að vera í skógi eða með annari skógar skírskotun.

Leiðrétting

Í 3. tbl. Laufblaðsins 2018 var farið rangt með nafn á einum ágætum stjórnarmanni í Skógræktarfélagi Akraness í myndatexta, þar sem Katrín Leifsdóttir var ranglega kölluð Kristín Leifsdóttir. Við biðjumst forláts á því. Réttur myndatexti er þá:



Í september mættu skátar á Akranesi í reit í Garðafloa og gróðursettu birki. Áður en plönturnar voru settar niður fengu skátarnir leiðbeiningu hjá Katrínu Leifsdóttur, stjórnarmanni í Skógræktarfélagi Akraness, um verkfærin og hvernig plantað skyldi. Voru ungu skátarnir duglegir að planta og fljótir að koma plöntunum niður, enda viðraði vel til gróðursetningar (Mynd: Jens. B. Baldursson).

Barnahornið - lausn gátu í 3. tbl. Laufblaðsins 2018



Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

